**Viðauki með stofnanasamningi, dags 15. desember 2014, milli Íbúðalánasjóðs og Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga.**

**Fyrsta málsgrein í grein 3 breytist og verður sem hér segir:**

Samningur þessi nær til eftirtalinna starfsheita sem eru skilgreind og grunnraðað til launa með eftirfarandi hætti. Skilgreining felur í sér viðvarandi verk- og ábyrgðarsvið. Grunnröðun í launaflokka miðast við Baccalaureus gráðu. Ef gerð er krafa um viðbótarmenntun umfram grunnmenntun (BA/BSc) í starfslýsingu skal tekið tillit til þess við grunnröðun starfs í launaflokk sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Cand Oecon, Diplóma (60 ECTS) | 1 launaflokkur |
| M.A., M.Sc. próf eða sambærilegt (90-120 ECTS) | 2 launaflokkar |
| Doktorsgráða eða sambærilegt (180 ECTS) | 3 launaflokkar |

Lengra formlegt grunnám skal metið með sambærilegum hætti.

Raða skal í launaflokka í samræmi við ábyrgð og umfang verkefna

**Grein 4.1. breytist og verður sem hér segir:**

4.1. Viðbótarmenntun

Ef starfsmaður aflar sér aukinnar menntunar umfram grunnkröfur til starfs, sbr. gr. 3, eða hefur þegar aflað sér hennar, skal taka mið af því skv. eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| Cand Oecon, Diplóma (60 ECTS) | 2 launaþrep |
| M.A., M.Sc. próf eða sambærilegt (90-120 ECTS) | 4 launaþrep |
| Doktorsgráða eða sambærilegt (180 ECTS) | 6 launaþrep |

Styttra formlegt nám skal metið með sambærilegum hætti.
Að öðru leyti gildir að hafi starfsmaður aflað sér 30 ECTS eininga umfram BA/BSc próf, raðast hann 1 launaþrepi hærra.

Hafi starfsmaður setið námskeið og tekið próf sem lýkur með löggildingu sem nýtist Íbúðalánasjóði og starfsmanni í viðkomandi starfi, t.d. verðbréfamiðlun, heimild til fasteignasölu eða réttindi til eignaskiptasamninga, skal viðkomandi raðast einu launaþrepi til viðbótar fyrir hvert próf sem metið er starfsmanni til góða.

Viðauki þessi gildir frá 1. Júní 2016.

Reykjavík, 24.01.2017

*f.h. Íbúðalánasjóð*

*f.h. Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga*